

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 30/98
frá 30. apríl 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB frá 19. júní 1995 um reglur sem lúta að beitingu tilskipunar ráðsins 76/768/EBE að því er varðar undanþágu frá því að skrá innihaldsefni, eitt eða fleiri, í innihaldslýsingu sem notuð er við merkingu á snyrtivörum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 8. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/45/EB) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„9. **395 L 0017:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB frá 19. júní 1995 um reglur sem lúta að beitingu tilskipunar ráðsins 76/768/EBE að því er varðar undanþágu

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 134.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 140, 23. 6. 1995, bls. 26.

frá því að skrá innihaldsefni, eitt eða fleiri, í innihaldslýsingu sem notuð er við merkingu á snyrtivörum (Stjttíð. EB nr. L 140, 23. 6. 1995, bls. 26).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„a) Ef ákvörðun þar til bærð yfirvalds í aðildarríki ESB er véfengd af öðru aðildarríki ESB, skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 10. gr. tilskipunar ráðsins 76/768/EBE og tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um ákvörðun sína.

b) Ef ákvörðun þar til bærð yfirvalds í aðildarríki ESB er véfengd af EFTA-ríki:

i) Skal EFTA-ríkið leggja rökstudda véfengingu sína fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

ii) Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að véfengingin sé ekki á rökum reist, að lokinni rannsókn samkvæmt málsmeðferð í samræmi við d-lið 4. gr. í bókun 1 við þennan samning, skal hún taka ákvörðun um að senda framkvæmdastjórninni ekki véfenginguna og tilkynna henni um ákvörðun sína.

iii) Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að véfengingin sé á rökum reist skal hún senda framkvæmdastjórninni hana.

iv) Framkvæmdastjórnin skal hefja málsmeðferðina sem um getur í 10. gr. tilskipunar ráðsins 76/768/EBE.

v) Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um ákvörðun sína.

vi) Ef framkvæmdastjórnin úrskurðar að véfengingin sé ekki á rökum reist er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um hana í samræmi við 111. gr. þessa samnings.

c) Ef ákvörðun þar til bærð yfirvalds í EFTA-ríki er véfengd af öðru EFTA-ríki skal Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferð sem um getur í d-lið 4. gr. í bókun 1 við þennan samning. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína og skal framkvæmdastjórnin senda hana aðildarríkjum ESB.

d) Ef ákvörðun þar til bærð yfirvalds í EFTA-ríki er véfengd af aðildarríki ESB:

i) Skal aðildarríki ESB leggja rökstudda véfengingu sína fyrir framkvæmdastjórnina.

ii) Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að véfengingin sé ekki á rökum reist, að loknu samráði og viðeigandi málsmeðferð ef þörf krefur, skal hún taka ákvörðun um að senda Eftirlitsstofnun EFTA ekki véfenginguna og tilkynna henni um ákvörðun sína.

- iii) Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að véfengingin sé á rökum reist skal hún senda Eftirlitsstofnun EFTA hana.
 - iv) Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í d-lið 4. gr. í bókun 1 við þennan samning.
 - v) Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína.
 - vi) Ef Eftirlitsstofnun EFTA úrskurðar að véfengingin sé ekki á rökum reist er framkvæmdastjórninni heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um hana í samræmi við 111. gr. þessa samnings.”
- b) Í viðauka við þessa tilskipun (Reglur um úthlutun skráningarnúmers sem um getur í 4. gr.) komi eftirfarandi liður aftan við 2. lið:

„3 Eftirfarandi númerum skal úthlutað til EFTA/EES-ríkjanna:

91 Ísland
92 Liechtenstein
93 Noregur.”

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner